

Laxar Fiskeldi ehf
Akralind 2
201 Kópavogur

Reykjavík 12. apríl 2019
UST201809-023/F.T.
08.12.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 18. desember 2018 þar sem óskað var eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum sem skráð voru í eftirliti í Löxum fiskeldi ehf., Bakka. Þann 14. janúar barst úrbótaáætlun rekstraraðila og þann 10. apríl barst uppfærð úrbótaáætlun varðandi fyrsta frávikid.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 1.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Framleiðsla stöðvarinnar er 60-80 tonn á ársgrundvelli en leyfið tekur einungis til 20 tonna framleiðslu. **Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið dregið úr hrognakaupum og er lífmassinn á Bakka nú 32 tonn. Seiði verða flutt frá Bakka á Laxabraut, auk þess að seiðahópar eru færðir á milli Bakka og Fiskalóns. Rekstraraðili áætla að lífmassinn í stöðinni verði kominn í 19 tonn í lok apríl. Ásamt því að minnka lífmassa í stöðinni, hefur rekstraraðili sótt um nýtt starfsleyfi með 100 t. heimild til stofnunarinnar. Stofnunin mun ekki fara í eftirfylgni með frávikinu á meðan umsóknin er til meðferðar en bendir þó á að samkvæmt núgildandi starfsleyfi þarf framleiðsla í stöðinni að vera undir 20 tonnum fyrir árið 2019.**
2. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skráningar á losun efna út í umhverfið vantar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður losun niturs og fosfórs skráð í dagbók eldisstöðvanna og sýnt verður fram á úrbætur í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar. Stofnunin fellst á framangreint og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**
3. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Neyðaráætlun vegna tíma-bundinnar eða ótímabundinnar rekstrarstöðvunar vantar. **Neyðaráætlun barst stofnuninni 4. febrúar sl. Stofnunin samþykkir áætlunina en óskar eftir því að áætlunin verði uppfærð á þann hátt að fram komi ábyrgðarmaður hvers efnispáttar fyrir sig. Einnig óskar stofnunin þess að staðfesting verði send þess efnis að rekstraraðili hafi til taks aðila sem tilbúinn sé til þess að taka við dauðfiski við rekstrarstöðvun. Framangreint skal sent stofnuninni fyrir 10. maí nk.**
4. Gr. 1.4 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa vantar. **Stofnunin vekur athygli á því að orðalagi fráviksins hefur verið breytt frá því í bréfi dags. 18. desember 2018. Áætlunin hefur verið send stofnuninni en hún barst 4. febrúar sl. Frávikinu telst því lokið.**


5. Gr. 2.1, 2.6 og 3.1 í starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi á landi. Skv. starfsleyfisskilyrðum ber rekstraraðila að beita bestu fánlegu tækni til að fyrirbyggja mengun umhverfisins, frárennsli skal forhreinsast og frárennsli sem rennur beint í viðtaka skal að lágmarki miða við eins þreps hreinsun. Engin hreinsun er á frárennsli. **Rekstraraðili hyggst setja upp tromlusíu í frárennsli. Frumhönnun síukerfisins er lokið og verður ráðist í nauðsynlegar framkvæmdir að hönnuninni lokinni. Áætlað er að framkvæmdin taki fjóra mánuði og stefnt er á verklok þann 28. júní 2019. Rekstraraðili mun senda stofnuninni staðfestingu þess efnis að úrbætur hafi átt sér stað að framkvæmd lokinni. Stofnunin fellst á framangreint og mun taka úrbætur út í næsta eftirliti.**


Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst


Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur


Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands